

Tillaga til þingsályktunar

um menningarsal Suðurlands.

Flm.: Ásmundur Friðriksson, Páll Magnússon, Vilhjálmur Árnason,
Silja Dögg Gunnarsdóttir, Ari Trausti Guðmundsson, Karl Gauti Hjaltason,
Birgir Þórarinnsson, Oddný G. Harðardóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að leita samninga við Sveitarfélagið Árborg um að ljúka gerð menningarsalar Suðurlands á Selfossi. Samningurinn taki gildi árið 2020 og verði frágangi salarins lokið eigi síðar en við árslok 2021.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var áður lögð fram á 149. löggjafarþingi (290. mál).

Fyrir nokkrum árum var ákveðið að byggja menningarhús á landsbyggðinni. Menningarhúsið Hof reis á Akureyri og Eldheimar í Vestmannaeyjum, hvort tveggja glæsilegar byggingar sem sinna vel því hlutverki sem þeim var ætlað á viðkomandi svæði. Þannig nýttist Hof Akureyringum og öðrum Norðlendingum en Eldheimar Eyjamönnum og gestum þeirra. Fjölmarginir Sunnlendingar eins og aðrir hafa notið þess að sækja Eyjar heim og skoða sýningarnar í Eldheimum en þeir hafa ekki tækifæri til að nýta húsið. Sunnlendinga á fastalandinu vantar menningarhús fyrir fjölbreytta menningarstarfsemi á Suðurlandi, í höfuðstað þess, Selfossi.

Árið 1982 hóf Selfossbær að byggja hótél og félagsheimili sem nýta átti í þágu íbúanna. Menningarsalurinn stendur enn óinnréttaður með hallandi gólfi og á að geta rúmað 270 manns í sæti. Í salnum er stórt svið og gryfja fyrir hljómsveit. Að 36 árum liðnum stendur salurinn ófullbúinn í annars blómlegu húsi sem í er fjölbreytt þjónustustarfsemi, glæsilegt hótél, veitingastaðir, verslanir og þjónusta. Hótelíð hefur verið stækkað mikið og fylgja því margs konar umsvif, fundir og samkomur sem þúsundir sækja á hverju ári.

Það er augljóst að menningarsalur af hóflegri stærð á svæði þar sem búa yfir tuttugu þúsund manns og yfir milljón manns heimsækja árlega er löngu tímabær. Fjölbreytt og lifandi menningarlíf er á Suðurlandi, kórar, leikfélög og ýmiss konar sviðslist er þar en skortir við-eigandi húsnæði. Það er ódýr og góður kostur að ljúka við gerð menningarsalar Suðurlands á Selfossi en talið er að verkefnið kosti á bilinu 300–400 millj. kr.

Sú skylda hvílir á Þjóðleikhúsinu og Sinfóníuhljómsveit Íslands að fara um landið og flytja verk af efnisskrám sínum svo að eigendur, þjóðin og þar með Sunnlendingar, geti í heimabyggð notið hluta af því magnaða starfi sem þar fer fram. Hvað eftir annað þurfa þessar menningarstofnanir að sneiða hjá Sunnlendingum vegna aðstöðuleysis sem mundi gjörbreytast með tilkomu fullbúins menningarsalar á Selfossi. Einnig mundu með því skapast ný tækifæri fyrir sunnlenska kóra og áhugaleikfélög.

Í nefndarálti meiri hluta fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2018 lagði meiri hlutinn ríka áherslu á mikilvægi þess að mennta- og menningarmálaráðherra markaði stefnu um framtíð áætлана um eflingu menningarlífs og stuðning við menningarhús eða -sali. Í álitinu var sérstaklega vísað til menningarsalar Suðurlands á Selfossi. Í greinargerð með

fjármálaáætlun fyrir árin 2019–2023 var enn fremur gert ráð fyrir að á tímabilinu yrði stuðlað að byggingu menningarhúsa á Fljótsdalshéraði og í Skagafirði í samvinnu við sveitarfélögin þar. Í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar um fjármálaáætlunina kom enn fremur fram að í greinargerðinni hefði láðst að geta menningarsalar á Selfossi. Flutningsmönnum þykir því kjörið að úr verði bætt með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu.